

Bifreiðarstjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþáguna og skal hún vera **13** skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra 9. febr. skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðarstjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

15. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir allar þær bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest upp þar sem bifreiðarstjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

16. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum, nr. 23 16. febr. 1953, sbr. lög nr. 25 7. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um skýrslugerð vegna bótagreiðslu úr framleiðslusjóði.

14

16. febr.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 4 31. janúar 1956, um framleiðslusjóð, eru eftirfarandi reglur settar um skýrslugerð o. fl.:

1. Hver sá, sem tekur fisk til vinnslu úr íslenskum skipum, skal gefa Fiskifélagi Íslands skýrslu um það á sérstökum eyðublöðum, sem Fiskifélagið lætur í té.
2. Skal í skýrslum þessum tilgreina vegið fiskmagn, sundurliðað eftir fisktegundum og vottað af löggiltum vigtarmanni.
3. Enn fremur skal senda Fiskifélaginu skýrslu um innveginn smáfisk, þorsk, ýsu og steinbít og sé magn og mál vottað af löggiltum vigtarmanni.
4. Leiðbeiningar um mælingu smáfisks fylgja skýrslueyðublöðum þeim, sem Fiskifélagið lætur í té.

Skýrslur þessar skal senda Fiskifélaginu innan þeirra tímatakmarkana, sem tilgreindar eru á eyðublöðunum.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 16. febrúar 1956.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.